

Víkur til framtíðar

Skýrsla landvarða 2019



Bjarni Karlsson

Hörn Halldórudóttir Heiðarsdóttir

29.10.2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Yfirlit	4
Gönguleiðir	5
Brúnavíkurskarð	5
Hofstrandarskarð	6
Brúnavík – Breiðavík (Súluskarð)	7
Brúnavík, tengileið	8
Breiðavík – Húsavík (Víknaheiði)	8
Urðarhólar – hringleið	9
Stapavík – Njarðvík (Gönguskörð)	10
Annað	11
Úttekt á Stórurð	11
Könnun fyrir ferðamenn	11
Upphafsskilti	11
Lokaorð	12

Inngangur

Sumarið 2019 var annað sumarið sem Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri héldu úti landvörslu á Víknaslóðum. Landvörðum fjölgaði um einn á milli ára og voru þeir því tveir við störf, Hörn Halldórudóttir Heiðarsdóttir og Bjarni Karlsson.

Vinna sumarsins gekk vel fyrir sig. Unnið var út frá skýrslunni sem Hörn skilaði af sér eftir sumarið 2018 og þeim verkefnum sem útlistuð voru þar. Auk þess var gerð álíka úttekt á Stórurð og öllum gönguleiðum sem að henni liggja, ásamt því að framkvæma könnun á vegum Fuglaverndar um efnahagsleg áhrif Hafnarhólma á nærumhverfi sitt.

Sumarið var heldur blautt og grátt en engu að síður mjög ánægjulegt. Nóg var af viðfangsefnum og verkefnum, góðu fólki og góðum stundum.

Að undirbúningi og skipulagningu landvörslu í sumar stóðu Þórhallur Þorsteinsson, Hafþór Snjólfur Helgason og Ingibjörg Jónsdóttir. Fólust þeirra störf meðal annars í styrkjasöfnun og útvegum húsnæðis fyrir starfsmenn auk ýmiss almenns undirbúnings.



Landverðir við störf í sumar.

Vinnutilhögun

Landverðir mættu á svæðið þann 28. júní 2019. Unnið var u.þ.b. fimm daga vikunnar, tíu klukkustundir á dag, en landverðir höfðu þó frelsi til að skipuleggja vinnu sína og frídaga eftir hentugleika. Líkt og árið áður höfðu þeir aðsetur í Höfn á Borgarfirði.

Alls voru landverðir við störf á svæðinu í rúmar sex vikur eða á eftirfarandi tímabilum:

- 28. júní – 30. júlí
- 12. – 23. ágúst

Eftir að landverðir höfðu yfirgefið svæðið sinnti Hafþór Snjólfrur einnig ýmsum verkefnum á gönguleiðunum.

Styrktaraðilar

Eftirfarandi aðilar styrktu ráðningu landvarða og/eða uppbyggingu á Víknaslóðum og í Stórurð sumarið 2019:

- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Fjóttsdalshérað
- Brothættar byggðir
- Borgarfjarðarhreppur
- Arion banki
- Alcoa fjarðaál
- Landsnet

Yfirlit

Eftirfarandi er yfirlit yfir það helsta sem var framkvæmt í sumar:

- Eftirfarandi gönguleiðir voru endurstikaðar:
 - Brúnavíkurskarð
 - Hofstrandarskarð
 - Brúnavík – Breiðuvík (Súluskarð)
 - Brúnavík, tengileið
 - Breiðuvík – Víknaheiði
 - Urðarhólar – hringleið
- Leiðin frá Kjólsvíkurmelum að skála FFF í Breiðuvík var færð og liggur nú vestan Kerlingarfjalls.
- Tvær göngubrýr settar niður á leið 20 í Brúnavík.
- Allir upphafsstaurar gönguleiða yfirfarnir skv. úttektarskýrslu síðan í fyrra. Korti skipt út og plasti einnig þar sem þess var þörf.
- Upphafsstaurunum tveimur við hringleiðina að Urðarhólavatni komið neðar í jörðina þar sem þeir höfðu lyfst mikið vegna frostlyftingar.
- Ný gerð af vegvísunum sett niður á eftirfarandi stöðum:
 - Krossgötum nýrrar leiðar til Breiðuvíkur og gömlu leiðarinnar niður í Kjólsvík
 - Krossgötum leiðanna niður í Krók og að skála FFF í Breiðuvík.
 - Brúnavík, skammt frá neyðarskýlinu
 - Við Urðarhólavatn
 - Við skála FFF í Breiðuvík
- Viðvörðunarskilti sett niður í Brúnavík sem varar fólk við því að fylgja fjárgötu út að Almenningsflesi.
- Gengið úr Stapavík til Njarðvíkur um Gönguskörð og ástand leiðarinnar tekið út.
- Úttekt gerð á öllum gönguleiðum í Stóruð, sambærilegt því sem gert var á Víknaslóðum sumarið 2018.
- Könnun lögð fyrir ferðamenn í Hafnarhólma til að kanna efnahagsleg áhrif hólman á Borgarfjörð eystri.

Gönguleiðir

Í sumar var byrjað á því að sinna vinsælustu gönguleiðum svæðisins en langflestir sem ganga Víknaslóðir fara sömu leiðina frá Borgarfirði til Seyðisfjarðar (eða öfugt). Eftirfarandi er útlitun á þeim gönguleiðum sem lögð var áhersla á í sumar ásamt lýsingum á því helsta sem var gert.

Brúnavíkurskarð

Leiðin um Brúnavíkurskarð er hvað mest gengin auk þess að vera hvað verst farin á köflum. Sumarið 2018 hafði landvörður reist við fallnar stikur og hlaðið grjóti fyrir nýja slóða sem ferðamenn höfðu myndað meðfram hinni stikuðu leið.

Í sumar var svo öllum stikum skipt út fyrir nýjar enda voru þær nánast allar orðnar litlausar, brotnar og illa farnar. Auk þess var meira grjóti hlaðið fyrir auka leiðir meðfram þeirri stikuðu svo fólk ætti nú frekar að halda sig á merktri gönguleið.

Í Brúnavík var settur niður vegvísir skammt frá neyðarskýlinu en um er að ræða nýja gerð vegvísa sem smám saman munu taka við þeim gömlu.

Loks var settur niður staur með viðvörun til ferðamanna um að fylgja ekki fjárgötunni sem leiðir út að Almenningsflesi en það hefur komið fyrir að ferðamenn telji þetta vera gönguleiðina og komi sér í sjálfheldu á hættulegu svæði.



Nýr vegvísir í Brúnavík



Göngufólk varað við því að fylgja fjárgötu út að Almenningsflesi.

Næsta sumar mætti skipta út upplýsingaskiltinu á neyðarskýlinu en það er orðið nokkuð illa farið. Auk þess mætti bæta við upplýsingum um hvar skal farið inn á leið 21 til Breiðuvíkur (gengið í fjörunni og svo beygt í suður til að komast að Súluskarði) en ferðamenn eru gjarnir á að villast og finna ekki hentugan stað til að fara yfir Brúnavíkurá.

Hofstrandarskarð

Leið 20 úr Brúnavík um Hofstrandarskarð var endurstikuð frá neyðarskýlinu í Brúnavík og út að Brotagili. Eftir Brotagil er gengið á bíslóða og því ekki eins brýnt að setja nýjar stikur. Enn á eftir að laga merkingar á neðsta búi leiðarinnar, við Hóla, en þar er ekki gengið á bíslóðanum.

Auk þess að setja nýjar stikur voru tvær göngubrýr settar yfir lækjarsprænur. Þar hafa myndast drullug svæði og mikið rofnað úr bökkunum vegna ágangs ferðamanna. Brýrnar munu ekki aðeins vernda farveg lækjanna heldur einnig auðvelda göngufólki yfirferð um svæðið og því stuðla að því að fólk haldi sig á einni leið.



Göngubrýr settar yfir lækjarsprænur.



Brúnavík – Breiðavík (Súluskarð)

Mesta verk landvarða í sumar var að endurstika leiðina frá Brúnavík til Breiðuvíkur um Súluskarð. Öllum stikum var skipt út fyrir nýjar og eru þær nú allar eins auk þess að vera allar sömu megin við gönguleiðina.

Nokkrum stikum var bætt við þar sem gengið er upp úr fjörunni í Brúnavík til að gera leiðina greinilegri en ferðamenn hafa gjarnan lent í vandræðum með að finna hvar hún liggur.



Landverðir við störf.



Þá var kaflinn frá Kjólsvíkurmelum og að skálanum í Breiðuvík færður. Leiðin liggur nú vestan megin við Kerlingarfjall og um Kúabotna í stað þess að farið sé upp í Kjólsvíkurvarp og þaðan um Blautumýri niður að skála.

Á nýju leiðinni er gengið í þurru undirlendi nánast allan tímann auk þess sem gengið er beint niður að skála án þess að missa hæð. Stikurnar á gömlu leiðinni eru þó enn á sínum stað ef ske kynni að einhver vilji enn ganga hana.



Hér má sjá hvar farið er út af gömlu leiðinni.

Loks voru settir niður nýir vegvísar á þremur stöðum:

- Þar sem nýja leiðin að skálanum beygir út af þeirri gömlu (sem leiðir upp í Kjólsvíkurvarp)
- Þar sem leiðin skiptist þannig að ýmist sé hægt að ganga inn í Krók og þannig inn að skála eða beint niður að skálanum í Breiðuvík
- Skammt frá skálanum í Breiðuvík



Nýir vegvísar voru settir niður á nokkrum stöðum.

Brúnavík, tengileið

Litla tengileiðin frá Brotagili og upp að Súluskarði var endurstikuð í sumar. Öllum stikum var skipt út fyrir nýjar og á einum stað voru stikur færðar svo að leiðin liggji beinna við og í þurrara undirlendi.

Breiðavík – Húsavík (Víknaheiði)

Leiðin frá skálanum í Breiðuvík og út að Víknaheiði var endurstikuð. Eftir Víknaheiði er gengið á bíslóða og því ekki nauðsynlegt að laga merkingar á þeim kafla.

Merkingar á kaflanum frá skálanum og út að göngubrúnni yfir Stóruá voru þéttar töluvert enda ekki augljóst hvar skyldi beygja út af bíslóðanum og inn á gönguleiðina.

Leiðin var færð á stöku stað, svo sem þar sem mikið hefur rofnað úr árbakkanum og gönguleiðin lá hættulega nálægt brúninni. Einnig var hún aðeins færð hjá Gæsavötnum til að beina fólki örugglega yfir ána á góðum stað.

Urðarhólar – hringleið

Báðum upphafsstaurunum við hringleiðina að Urðarhólavatni var komið fyrir neðar í jörðinni þar sem þeir höfðu lyfst mikið vegna frostlyftingar og nauðsynlegt að stíga á stein til að geta lesið á skiltin.

Hringleiðin var endurstikuð og skipt var um allar stikur auk þess sem nokkrum var bætt við hjá seinasta (eða fyrsta) kaflanum við efri upphafsstaurinn.

Loks var settur niður nýr vegvísir við Urðarhólavatn.



Fyrir og eftir endurstikun.



Upphafsskiltið stendur nú ekki eins hátt úr jörðu.

Stapavík – Njarðvík (Gönguskörð)

Landverðir gengu frá Stapavík til Njarðvíkur um Gönguskörð og tóku út ástand leiðarinnar. Lagt var af stað í bláðskaparveðri en þegar leið á daginn tóku við mikil rigning og vindur auk þess sem þoka lagðist yfir þegar komið var langleiðina upp í skarð.

Á fyrsta kaflanum (sé gengið úr Stapavík) er gengið í blautu og grösugu undirlendi en svo tekur við grýttur melur með engri greinilegri gönguleið. Á þessum blauta og gróna hluta mætti færa leiðina örlítið til að hún liggi í gegnum þurrara svæði sem þolir áganginn betur.

Almennt er leiðin nokkuð misvel merkt. Eftir að farið er lengra áleiðis upp í skarðið (á hinum grýttu melum) er ekki greinilegur göngustígur og oft erfitt að koma auga á næstu stiku. Þar þyrfti ekki bara að skipta út stikum heldur einnig að færa leiðina því sé merkingum alveg fylgt er ekki alltaf farin besta eða auðveldasta leið.



Fyrst er gengið í mjög blautu og grónu undirlendi.



Staurarnir í bakgrunni eru gamlir raflínustaurar. Engar stikur er að sjá og leiðin ekki greinileg.

Þegar komið er enn lengra upp í skarðið er undirlendið aftur nokkuð gróið og er þar mikið gengið á fjárgötum. Efst í skarðinu og strax eftir að komið er niður Njarðvíkurmegin er leiðin hins vegar alls ekki ljós, sérstaklega ekki í þoku.

Á heildina litið er leiðin í fínu standi og virðist ekki vera mjög mikið gengin. Hún liggur mikið til á fjárgötum og þurru eða grýttu

undirlendi sem þolir áganginn ágætlega. Stikurnar eru illa farnar og þyrfti að skipta alveg út fyrir nýjar en vegvísar og upphafsskilti eru þó í góðu ásigkomulagi.

Annað

Auk þess að yfirfara ofangreindar gönguleiðir sinntu landverður ýmsum öðrum störfum í sumar. Hér má lesa um það helsta.

Úttekt á Stóruð

Gerð var úttekt á Stóruð og öllum gönguleiðum í hana í sumar en um var að ræða sams konar úttekt og gerð var á Vínaslóðum árið áður. Niðurstöður hennar má sjá í þar til gerðri skýrslu sem ber heitið Stóruð til framtíðar.

Könnun fyrir ferðamenn

Landverðir voru fengnir til að leggja könnun fyrir ferðamenn sem heimsóttu Hafnarhólma á Borgarfirði. Könnunin var á vegum Fuglaverndar og var verkefnið styrkt af Brothættum byggðum. Um var að ræða könnun til að athuga efnahagsleg áhrif hólman á nærumhverfið, þ.e. Borgarfjörð og nánasta nágrenni.

Landverðir vörðu nokkrum vinnudögum úti í hólma og söfnuðu alls um 220 svörum en hver könnun tók að meðaltali um 5 mínútur.

Spurningar könnunarinnar sneru að ferðahegðun gesta og fjárútgjöldum þeirra á Borgarfirði sem og Íslandi öllu en Fuglavernd sér um úrvinnslu og samantekt á niðurstöðum.

Upphafsskilti

Öll upphafsskilti gönguleiða voru yfirfarin skv. úttektarskýrslu frá því sumarið 2018. Skipt var um kort og/eða plast á eftirfarandi skiltum:

- Vatnsskarð
- Árbær
- Kolbeinsfjara
- Breiðavík
- Þverá
- Loðmundarfjörður
- Stakkahlíð



Upphafsskiltið við Stakkahlíð í Loðmundarfirði fyrir og eftir lagfæringu.

Lokaorð

Sumarið gekk vonum framár og náðist að framkvæma nokkuð meira en lagt hafði verið upp með. Úttektin á Stórirö tók auðvitað töluvert af tíma landvarða þetta sumarið en einnig fóru nokkrir dagar í að leggja könnunina fyrir ferðamenn í Hafnarhólma. Allur annar tími fór í endurbætur á gönguleiðum Víknaslóða og munaði miklu að hafa skýrslu með úttekt og verkefnalista til að vinna eftir. En þó svo að margt hafi áunnist þetta sumar er auðvitað af nógu að taka og landverði mun því ekki skorta verkefni á komandi árum.

Líkt og árið áður voru samskipti við landeigendur, Borgfirðinga og aðra hlutaðeigandi góð en samstaða er lykilþáttur í velgengni þessa verkefnis. Það verður gaman að fylgjast með svæðinu smám saman taka á sig mynd í samræmi við þá framtíðarsýn sem aðstandendur þess eru að móta og sjá hvaða áhrif landvarsla mun hafa á verndun og upplifun gesta.

Við hlökkum til að koma næsta sumar og halda áfram að leggja okkar af mörkum til að gera Víknaslóðir að besta göngusvæði landsins.